

**Nd.**

**189. Frumvarp til laga**

**[103. mál]**

um Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórnin rekur verzlun, sem nefnist Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins. Skál hún annast innflutning og sölu á þeirri vöru, er ríkisstjórnin hefur rétt til einkasölu á samkvæmt 2. gr., svo og tilbúning þeirrar vöru, er um getur í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum eftirtalda vöru:

1. Áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vínanda að rúmmáli.
2. Tóbak og tóbaksvöru hvers konar.
3. Eldspítur og vindlingapappír, allar tegundir.
4. Ilmvötn, hárvötn, munnvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger. Sömu leiðis er ríkisstjórninni heimilt að framleiða ofangreinda vöru.

3. gr.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa framangreinda vöru innanborðs, enda sé farið með hana svo sem áfengislög og tollög mæla fyrir um.

4. gr.

Verzlunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af allri þeirri vöru, sem hún flytur til landsins.

5. gr.

Um sölu á áfengi, og annarri þeirri vöru, sem fara skal með sem áfengan drykk, fer samkvæmt ákvæðum áfengislaga nr. 33 frá 9. jan. 1935.

Alla aðra vöru, sem verzlunin flytur inn eða framleiðir, selur hún aðeins kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, enda hafi þeir aðilar opna sölubúð.

Brauðger, bökunardropa, kjarna, ilmvötn, hárvötn, munnvötn og andlitsvötn er þó heimilt að selja öðrum aðilum. Enn fremur tóbak til sauðfjárbaðana og lækningar ormaveiki í sauðfé.

6. gr.

Einkasölnni er skylt að útvega frá útiöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem talin eru í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rétt hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús.

Skal forstjórinn gæta þess, að einkasalan hafi jafnan í þjónustu sinni sérfróða menn um lyfjasölu og lyfjagerð, sem heilbrigðismálaráðherra samþykkir með ráði landlæknis.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um álagning einkasölnnar eða samþykkir verðskrár hennar á hverjum tíma.

Tóbak til sauðfjárbaðana og lækninga við ormaveiki selur einkasalan við kostnaðarverði. Tóbaksvörur skulu seldar sama verði í verzlunum, hvar sem er á landinu. Einnig skal áfengi selt með sama verði á öllum sölustöðum einkasölnnar.

8. gr.

Letra skal á umbúðir þeirrar vöru, annarrar en lyfja, sem einkasalan selur: „Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins“. Lyfjavörur skal árita: „Lyfjaverzlun ríkisins“.

9. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Laun hans skulu ákveðin í launalögum. Forstjórinn ræður starfsfólk einkasölnnar. Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum.

10. gr.

Einkasalan skal vera í tveimur deildum, áfengisdeild og tóbaksdeild, og skal bókhaldi stofnunarinnar hagað þannig, að fram komi vörusala og brúttóhagnaður hvorrar deildar fyrir sig. Sala á lyfjum og þeirri vöru, sem talin er í 2. gr. 4., færast á reikninga áfengisdeildar, en sala á eldspítum og vindlingapappír á reikning tóbaksdeildar.

11. gr.

Ágóði sá, er verður af einkasölnni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í endurnýjunar- og varasjóð.

12. gr.

Endurskoðun reikninga einkasölnnar annast endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Heimilt er að fela starf þetta löggiltum endurskoðendum.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum allt að 100000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er vara sú, sem inn er flutt eða framleidd í heimildarleysi, upptæk, og skal afhenda hana einkasölnni til ráðstöfunar.

14. gr.

Setja skal í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 69 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi, l. nr. 58 8. sept. 1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki og l. nr. 65 10. des. 1934 um einkasölu á eldspitum og vindlingapappír, svo og allar síðari breytingar á þessum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1951.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sameina í eina stofnun Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Ríkisstjórnin hefur leitast við að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og gera hann hagfelldari. Hefur verið skýrt frá nokkrum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur ýmist gert í þessu skyni eða mun gera tillögur um. Ein þeirra er sú, að sameina þessi tvö fyrirtæki, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Telja menn sig mega vona, að af þessu leiði sparnað í beinum rekstrarkostnaði stofnananna.

Frumvarpinu er ætlað að koma í staðinn fyrir þau lög, sem nú eru í gildi um þessar tvær stofnanir. Eru því aðalatriði gildandi lagaákvæða um Áfengisverzlun og Tóbakseinkasölu tekin upp í frumvarpið, en þó voru ákvæðin endurskoðuð í samráði við forstjóra þessara stofnana og fengna reynslu. Breytingar, sem gerðar eru á einstökum atriðum, eru ekki svo veigamiklar, að ástæða sé til að rekja þær í einstökum atriðum í athugasemdum. Höfuðatriði frv. er að sjálfsögðu sameining þessara tveggja fyrirtækja.

Ráðgert er, að lögin taki gildi 1. júlí næsta ár. Þykir ekki fært að gera ráð fyrir gildistöku þeirra fyrr, þar sem talsverðan undirbúning þarf, bæði vegna ráðstöfunar húsnæðis, mannráðninga o. fl.